

# Ársfundur 2026

## Tillögur stjórnar Festu til breytinga á samþykktum lagðar fyrir ársfund 4. maí 2026

### Almennt um tillögur til breytinga:

Tillögur að breytingum á neðangreindum greinum samþykktu Festu lífeyrissjóðs eru auðkenndar með **rauðum lit** og það sem fellur út er auðkennt með **yfirstríkan**. Skýringar við greinar sem taka breytingum eru auðkenndar með *skáletrun* í sér málsgreinum.

### Tillaga til breytinga á 12. tölul. greinar 5.8.

- 5.8. Á dagskrá skulu vera eftirtaldir dagskrárliðir:
- Skýrsla stjórnar.
  - Kynning ársreiknings.  
[...]
  - Kjör utanaðkomandi aðila í endurskoðunarnefnd** ~~Kesning-formanns~~  
endurskoðunarnefndar  
[...]

### Greinargerð með tillögu um breytingu á 12. tölul. gr. 5.8:

12. tölul. gr. 5.8. kom til í kjölfar lagabreytinga árið 2024. Við 2. mgr. 108. gr. a. laga nr. 3/2006 um ársreikninga sem fjallar um skipun endurskoðunarnefndar eininga tengda almunahagsmunum bættist sú krafa að sé nefndarmaður utanaðkomandi aðili skyldi hann tilnefndur af aðalfundi og jafnframt skyldi formaður nefndarinnar vera óháður einingunni og skipaður af nefndarmönnum eða stjórn einingarinnar. Samkvæmt starfsreglum endurskoðunarnefndar Festu lífeyrissjóðs skal nefndin kjósa sér formann.

Tillaga að nýju orðalagi er talinn falla betur að lögum og starfsreglum endurskoðunarnefndarinnar.

### Tillaga til breytinga á grein 9.12.

- 9.12. Framlagi hvers árs til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða, sbr. 18. gr. laga nr. 113/1990 um tryggingagjald, skal ráðstafa í samræmi við ákvæði 19. gr. reglugerðar nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða þannig að ávinnsla nýrra réttinda og lífeyrir vegna geymdra réttinda hækki á komandi ári um sama hundraðshluta eins og nánar er tilgreint hér:
- Auka skal réttindainnvinnslu sjóðfélaga í samræmi við Töflu 32 í Viðauka B. Réttindi skv. ákvæði þessu reiknast að fullu skv. reglum um aldursháða ávinnslu. Þessi réttindi skal auðkenna sérstaklega í réttindabókhaldi sjóðsins og veita þau ekki rétt til framreiknings.
  - Greiða skal viðbótarlífeyri til lífeyrisþega annarra en barnalífeyrisþega í samræmi við Töflu 32 í Viðauka B. Viðbótarlífeyririnn greiðist mánaðarlega eins og annar lífeyrir. Þessi viðbótarlífeyrir skal auðkenndur sérstaklega í réttindabókhaldi sjóðsins.

Framangreint framlag til aukningar réttindaávinnslu og lífeyrisgreiðslna skulu hverju sinni að hámarki nema örorkuframlagi ársins.

Tryggingastærðfræðingur sjóðsins skal árlega meta skuldbindingar sjóðsins skv. framangreindri reglu miðað við örorkuframlag ársins og vænt iðgjöld og lífeyrisgreiðslur á komandi ári og gera tillögu um breytingu á hundraðshluta viðbótar ávinnslu og lífeyris, gefi matið til þess tilefni. Skal sjóðsstjórn þá leggja tillögur að breytingum samþykktá lífeyrissjóðsins fyrir ársfund hans svo tryggt sé að örorkuframlagið dugi fyrir skuldbindingum skv. a. og b. lið hér að framan.

### **Greinargerð með tillögu um breytingu á gr. 9.12:**

*Grein 9.12. í samþykktum sjóðsins fjallar um ráðstöfun örorkuframlagsins. Á ársfundi árið 2023 var samþykkt nýtt fyrirkomulag um nýtingu örorkuframlagsins og samþykkt að lækka hlutfallslega viðbót lífeyrisþega til framtíðar þar sem stór hluti lífeyrisþega hafði unnið sér tvöfalda hækkun á sinn lífeyri, bæði vegna iðgjalda og lífeyris um langt skeið. Breytingin var gerð í skrefum til þess að lífeyrisþegar sjóðsins yrðu fyrir sem minnstum áhrifum lækkunarinnar. Framlagið yrði því nýtt til framtíðar skv. töflu í Viðauka B, með þeim fyrirvara að staða framlagsins skyldi ávallt vera í jafnvægi.*

*Á ársfundi árið 2025 var töflunni breytt með vísan til þess að í greininni kemur m.a. fram að tryggingastærðfræðingur sjóðsins skuli árlega meta skuldbindingar sjóðsins skv. greininni miðað við örorkuframlag ársins og vænt iðgjöld og lífeyrisgreiðslur á komandi ári og gera tillögu um breytingu á hundraðshluta viðbótar ávinnslu og lífeyris, gefi matið til þess tilefni.*

*Lagt er til að breyta greininni aftur þar sem tryggingastærðfræðingur sjóðsins, með vísan til framangreinds, hefur lagt til breytingar á nýtingu framlagsins og því þörf á nýrri töflu, sbr. breytingatillögu á Viðauka B. Aðeins er um að ræða breytingu á tilvísun í greininni enda nauðsynlegt að vísa til réttar töflu í Viðauka B.*

### **Tillaga til breytinga á grein 12.3.**

12.3. Réttur til örorkulífeyris stofnast því aðeins að sjóðfélagi hafi orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir skv. gr. 14.4. vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar. Við mat á því hvort tekjuskerðing hafi orðið skal úrskurða sjóðfélaganum viðmiðunartekjur, sem skulu vera meðaltal tekna sjóðfélaga síðustu fjögur almanaksár fyrir orkutapið, sbr. a) lið gr. 12.6. um framreikning. Heimilt er að miða við meðaltal tekna síðustu 3 almanaksárin fyrir orkutapið vegna sjóðfélaga sem fengið hefur úrskurðaðan örorkulífeyri fyrir 1. janúar 2006 sbr. einnig a) lið gr. 12.6. Frá úrskurðardegi skulu viðmiðunartekjurnar taka þeim breytingum sem verða á **vísitölu neysliverðs launavísitölu**. Við útreikning tekjumissis skal tekið tillit til atvinnutekna örorkulífeyrisþegans, lífeyris- og bótagreiðslna frá almannatryggingum og öðrum lífeyrissjóðum og kjarasamningsbundinna tryggingabóta sem hann nýtur vegna örorkunnar. Í úrskurði um lífeyri skal greina hvaða launatekjur eru lagðar til grundvallar útreikningi, svo sjóðfélaga megi vera ljóst við hvaða launatekjur eru lagðar örorkulífeyris vegna tekna er miðað. **Þá er örorkulífeyrisþegum skylt að upplýsa sjóðinn um breytingar á högum sínum að því marki sem þær kunna að hafa áhrif á rétt til greiðslu lífeyris eða fjárhæð hans, svo sem er varðar heilsufar eða tekjur** ~~Örorkulífeyrisþega er skylt að veita sjóðnum upplýsingar um tekjur sínar skv. launaframtali, sé þess óskað.~~ Heimilt er að fresta eða fella niður greiðslur lífeyris, veiti sjóðfélagi ekki umbeðnar upplýsingar.

### **Greinargerð með tillögu um breytingu á gr. 12.3:**

*Lagðar eru fram tvær tillögur til breytinga á greininni. Annars vegar er lagt til að viðmiðunartekjur taki breytingum m.v. vísitölu neysliverðs í stað launavísitölu. Samþykktir sjóðsins miða að öllu leyti við vísitölu neysliverðs að undanskildri gr. 12.3. Talið er réttast að allar skuldbindingar sjóðsins og öll réttindi sjóðfélaga sem taka mið af vísitölum, miði við sömu vísitöluna.*

*Hins vegar er lögð til breyting á orðalagi við upplýsingaskyldu örorkulífeyrisþega um tekjur sínar. Núverandi orðalag miðar að því að örorkulífeyrisþegi skuli veita upplýsingar skv. launaframtali sé þess*

óskað af sjóðnum. Í reynd óskar sjóðurinn ávallt eftir upplýsingum um breytingar á tekjum eða heilsufari örorkulífeyrisþega og þá ekki einungis á grundvelli launaframtals. Ný útgáfa af greininni er talinn skýrari varðandi raunverulega framkvæmd á eftirfylgni örorkulífeyrisgreiðslna, ásamt því að falla betur að heimildum lífeyrissjóða til að setja nánari skilyrði í samþykktir sínar fyrir greiðslu hans.

## Tillaga til breytinga á grein 13.4.

13.4. Sé maki a.m.k. 50% öryrki skal greiddur makalífeyrir meðan sú örorka varir, enda sé eftirlifandi maki yngri en 67<sup>5</sup> ára.

### Greinargerð með tillögu um breytingu á gr. 13.4:

Lagt er til að hámarksaldur skv. greininni verði hækkadur úr 65 ára í 67 ára til samræmis við almennan ellilífeyrisaldur skv. samþykktum sjóðsins.

## Tillaga til breytinga á grein 18.3.

18.3. Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftirá, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð, er lífeyrisréttur myndaðist, og síðasta sinn fyrir þann mánuð, er réttur til lífeyris fellur úr gildi. **Örorku- og makalífeyri skal ekki greiða lengur aftur í tímann en tvö ár frá því að umsókn barst sjóðnum. Ellilífeyrir er greiddur eftir að umsókn berst til sjóðsins og greiðist ekki aftur í tímann. Aldrei skal þó sjóðstjórn skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknuð frá byrjun mánaðar, er umsókn berst sjóðnum.** Úrskurður skv. þessu skal þá miðast við réttindareglur eins og þær hafa verið á umræddu tímabili og lífeyrir skv. verðlagi hvers tímabils. Vextir greiðast ekki á lífeyrisgreiðslur. Lífeyrir skv. umsókn um töku ellilífeyris fyrir hinn almenna ellilífeyrisaldur sbr. gr. 11.3. og 10.5. greiðist þó fyrst frá upphafi þess mánaðar er umsókn berst sjóðnum.

### Greinargerð með tillögu um breytingu á gr. 18.3:

Lagt er til að ellilífeyrir verði ekki greiddur aftur í tímann. Eðlilegt þykir, þar sem við frestun töku ellilífeyris, ávinnur sjóðfélagi sér aukin réttindi skv. frestunarákvæðum samþykktum, að ekki sé hægt að draga slíka ákvörðun til baka. Sambærilegt ákvæði er að finna í samþykktum margra lífeyrissjóða.

## Tillaga til breytinga á Ákvæði 1 til bráðabirgða.

Ákvæði 1 til bráðabirgða:

Á árunum 2023-2030<sup>25</sup> skal margfalda niðurstöðu framreiknings réttinda skv. grein 12.6. með stuðlinum úr eftirfarandi töflu fyrir þá sem úrskurðaðir verða á örorkulífeyri á hverju ári um sig:

Árið 2023 1,06

Árið 2024 1,04

Árið 2025 1,02

Eftir 2025 verður framreikningur réttinda þar sem réttindamánuður orkutaps er frá 1. janúar 2026 og síðar, í samræmi við grein 12.6 og þessi grein fellur brott.

## Greinargerð með brottfellingu ákvæði 1 til bráðabirgða:

Á árinu 2022 var ákvæðinu bætt við í samþykktir sjóðsins til þess að innleiða breytingar á réttindatöflu gagnvart örorkulífeyrisþegum í skrefum, þar sem nokkur munur kunnir að vera á milli ára þegar breytingarnar voru innleiddar. Nú hefur ákvæðið runnið sitt skeið en enn úrskurðað m.v. framangreind tímabil.

Það þykir því réttast og sanngjarnast að halda margföldunarstuðlinum í nokkur ár og framlengja gildistíma ákvæðisins, þar sem það kunna enn að koma upp tilvik þar sem réttindamánuður orkutaps er innan framangreindra tímabila. Ákvæðið verður brottfellt þegar áhrifa vegna þess gætir ekki lengur.

## Tillaga til breytinga á Töflu II Viðauka A.

Tafla II: Breyting ellilífeyris þegar taka lífeyris hefst fyrir eða eftir 67 ára aldur

Aldur	Margfeldisstuðull	Hækkunar og lækkunarstuðlar		Breyting per mán
		Prósentubreyting	Prósentubreyting	
60	0.629	<del>-37,1%</del>	-37,20%	-0.32%
61	0.668	<del>-33,2%</del>	-33,36%	-0.36%
62	0.711	<del>-28,9%</del>	-29,04%	-0.39%
63	0.758	<del>-24,2%</del>	-24,36%	-0.43%
64	0.809	<del>-19,1%</del>	-19,20%	-0.48%
65	0.866	<del>-13,4%</del>	-13,44%	-0.53%
66	0.929	<del>-7,1%</del>	-7,08%	-0.59%
67	1	-	0,00%	
68	1.079	7,9%	7,92%	0.66%
69	1.168	16,8%	16,80%	0.74%
70	1.269	26,9%	26,88%	0.84%
71	1.383	38,3%	38,28%	0.95%
72	1.514	51,4%	51,36%	1.09%
73	1.665	66,5%	66,48%	1.26%
74	1.840	84,0%	84,00%	1.46%
75	2.045	104,5%	104,52%	1.71%
76	2.286	128,6%	128,64%	2.01%
77	2.573	157,3%	157,32%	2.39%
78	2.917	191,7%	191,76%	2.87%
79	3.335	233,5%	233,52%	3.48%
80	3.846	284,6%	284,64%	4.26%

## Greinargerð með tillögu um breytingar á Töflu II Viðauka A:

Breytingin felur í sér nákvæmari framsetningu á flýtingar- og frestunarstuðlum en nú er raunin. Hún hefur engin áhrif á úrskurði lífeyris þar sem réttindakerfið er að reikna stuðlana rétt. Framsetning í samþykktum var örlítið ónákvæm. Breytingin auðveldar mannlega yfirferð á vélrænum úrskurðum.

## Tillaga til breytinga á Viðauka B

### Ráðstöfun örorkuframlags 2026:

- Auka skal réttindainnvinnslu sjóðfélaga í samræmi við Töflu 3 í Viðauka B. Réttindi skv. ákvæði þessu reiknast að fullu skv. reglum um aldursháða ávinnslu. Þessi réttindi skal auðkenna sérstaklega í réttindabókhaldi sjóðsins og veita þau ekki rétt til framreiknings.
- Greiða skal viðbótarlífeyri í samræmi við Töflu 3 í Viðauka B til lífeyrisþega annarra en barnalífeyrisþega. Viðbótarlífeyririnn greiðist mánaðarlega eins og annar lífeyrir. Þessi viðbótarlífeyrir skal auðkenndur sérstaklega í réttindabókhaldi sjóðsins.

**Tafla 3**

Ár	Lífeyrishækkunir	Réttindahækkunir
2026	2,0%	4,2%
2027	1,5%	3,8%
2028	1,0%	4,0%
2029	0,5%	4,3%
2030 og síðar	0,0%	4,5%

### Greinargerð með tillögu um breytingu á Viðauka B:

Breytingin felur í sér framangreinda viðbót við Viðauka B. Ofangreind tafla er sett fram m.v. áætlað framlag til jöfnunar örorkubyrði á árinu 2026. Framlagið er háð nokkurri pólitískri óvissu og er tillagan sett fram miðað við núverandi stöðu framlagsins. Að öðru leyti vísast til greinargerðar með tillögu um breytingu á gr. 9.12.